

Kæru skólastjórar

Eins og rætt var á síðasta skólastjórafundi er afar brýnt að allir foreldrar nemenda sem eiga að fá afhentar spjaldtölvur eftir áramót komi á kynningarfundum í skólunum. Kennsluráðgjafar munu stýra fundum, rétt eins og var í haust en mælt er til þess að umsjónarkennarar viðkomandi árganga séu einnig viðstaddir.

Í því skyni að ná sem flestum foreldrum til fundar áður en kemur að afhendingu hefur verið ákveðið að boða fundina nú **strax í desember**. Tveir fundir verða haldnir í hverjum skóla og haldast tímasetningar í hendur við viðveru kennsluráðgjafa.

Undirritaður mun hafa samband við bekkjarfulltrúa í þessum árgöngum nú strax eftir helgi og kalla eftir liðsinni við að hvetja foreldra til að koma á fundina. Ég vil biðla til ykkar að þið farið fram á það við umsjónarkennara að þeir láti sig ekki vanta.

Tímasetningar fundanna verða sem hér segir:

	Þriðjudagur 8. des	Miðvikudagur 9. des	Fimmtudagur 10. des
Kl. 8:00-9:00	Vatnsendaskóli Salaskóli Kársnesskóli	Álfhólsskóli Hörðuvallaskóli Lindaskóli	Smáraskóli Kópavogsskóli Snælandsskóli
Kl. 17:00-18:00	Smáraskóli Hörðuvallaskóli Lindaskóli	Vatnsendaskóli Kópavogsskóli Snælandsskóli	Álfhólsskóli Salaskóli Kársnesskóli

Mikilvægt er að haldið sé nákvæmt **bókhald** yfir það hvaða foreldrar koma á þessa fundi, svo hægt sé að hafa samband síðar við þá sem ekki komast og sjá til þess að hvergi fari spjaldtölva heim nema foreldri sé vel upplýst.

Á fundunum munu foreldrar einnig undirrita **samþykki** þess að tölvudeild Kópavogsbæjar útbúi og þjónusti AppleID-aðganga fyrir nemendur.

Í því skyni að foreldrar fái tilfinningu fyrir því hvernig spjaldtölvurnar nýtast í námi er ætlunin að nýta Nearpod-appið til að koma efni á framfæri. Því er nauðsynlegt að **bekkjarsett** skólans verði tiltækt á þeim tímum sem fundir fara fram.

Bestu kveðjur

Björn Gunnlaugsson
Verkefnastjóri spjaldtölvuinnleiðingar
Kópavogsbæ
441-2361 / 692-4588